

Nefndanefnd Alþingis.
Þórshamri v/ Templarasund.
150. Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1547
komudagur 17/4 1996

Efni. Frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur 415. mál

Biliðnafélagið hefur verið beðið um umsögn um ofangreint efni. Svar félagsins fylgir hér á eftir.

Biliðnafélagið er sjö hundruð manna stéttarfélag sem samanstendur af bifvélavirkjum, bílamálurum og bifreiðasmiðum. Félagsmönnum hefur verið kynnt frumvarpið og í framhaldi af viðbrögðum þeirra eru þessar línur settar á blað.

Auk þess að benda á atriði sem ekki eru ásættanleg í frumvarpinu er bent á önnur atriði, sem munu snerta félagsmenn okkar og hafa bein áhrif á stéttarfélag sem Biliðnafélagið. Einnig er smá formáli um undanfara frumvarpsins.

Undanfari frumvarps og vinnubrögð.

Í ráðherratíð Guðmundar Árna Stefánssonar var skipuð nefnd sem skyldi yfirfara samskiptareglur á vinnumarkaðinum og gera sameiginlegar tillögur að breytingum á þeim. Eftir 42 fundi var skilað áfangaskýrslu þar sem talin voru upp þau atriði sem samkomulag var komið um og einnig talin upp þau atriði sem ekki var búið að ræða eða ná samkomulagi um.

Bregður nú svo við að núverandi félagsmálaráðherra kemur fram, tilkynnir það að fullreynt sé að ekki náist samkomulag um þessa hluti og því sé búið að semja frumvarp.

Þegar undirritaður fór í fyrsta skipti til bankastjóra var sagt, farðu fram á helmingi meira en þú þarft, þú færð aldrei nema helming af því sem þú biður um. Þetta gekk eftir, vandræðin komu ekki fyrir en í næstu heimsókn því þá fékk maður það sem beðið var um.

Ekki vill maður gera öðrum upp hugsanir en þó læðist sá grunur að með því tríói af frumvörpum sem liggja nú fyrir og snerta launafólk að þar sé gamla bankastjóratrixið í fullum blóma, leggja nógu mikið fram, draga hluta til baka, en restin kemst í gegn. Síðan er settur upp fallegur svipur og sagt "jú vissulega hlustuðum við á fólkið, sjáið bara hvað við breytum miklu".

Það var einnig skrýtið að hlusta á frumvarpsflytjanda lýsa því yfir um leið og hann lagði frumvarpið fram að þar væri ýmislegt sem mætti fara betur og breyta mætti.

Um tímasetninguna hljóta einnig að vakna spurningar, því þó tekið hafi verið fram í stjórnarsáttmála að endurskoða skildi þessi lög á kjörtímabilinu, þá er jú nokkuð eftir af því. Vonast menn til að sem flestir verði búnir að gleyma þessu í næstu kosningum eða á að láta reyna á vald ríkissáttasemjara í næstu kjarasamningum? Það er ljóst að þessi vinnubrögð verða ekki til að auðvelda gerð næstu kjarasamninga.

Vinnustaðastéttarfélög.

Við tökum dæmi um Jón Biliðnamann sem er í vinnu hjá fyrirtæki sem hefur 250 manns í vinnu. Samþykkt er gegn vilja hans að stofna vinnustaðafélag með 3/4 hluta atkvæða. Það félag fer með samningsumboð fyrir hann samkvæmt lögum. Jón greiddi atkvæði á móti en verður að skipta um félag og hætta í Biliðnafélaginu.

Í dag hefur Jón ýmis réttindi í Biliðnafélaginu, þau missir hann ef hann skiptir um félag. Þar má nefna sjúkrasjóði, forvarnarstarf, fagnámskeið, verkfallssjóði, orlofshús, forgangsrétt að vinnu, trúnaðarmannakerfi og félagslega menntun. Hér má nefna mörg atriði til viðbótar en grunnurinn er sá að hann hefur ekkert val, hann verður að skipta um félag ef hann vill hafa áhrif á samninga sem verða gerðir fyrir hans hönd.

Stéttarfélög hafa hingað til verið starfsgreinatengt og er það sérstaklega mikilvægt í fagfélögum til að viðhalda hæfni og koma tæknilegum nýjungum út til félagsmanna. Á hátíðis og tillidögum er hrópað að bæta þurfi verkmenntun og símenntun. Þetta frumvarp er skref til baka, þarna er með lögum verið að hindra aðgang að öflugum símenntunarkerfi sem miklum peningum og tíma hefur verið varið í.

Tveim spurningum hefur verið varpað fram sem engin hefur svarað með öðru en brosi.

Hvað verður um vinnustaðafélag ef starfsmannafjöldi í fyrirtæki dettur niður fyrir 250 manns. Samkvæmt frumvarpinu verður það að hætta rekstri og hvað verður um áunnin réttindi.

Hvað skeður ef fyrirtækið sem þetta verkalýðsfélagfélag er stofnað um fer á hausinn, verður þá veitt þjónusta til atvinnulausra félagsmanna frá stéttarfélagi sem er ekki til lengur. Eiga svokallaðar "vinnumiðlanir" sveitarfélaga að verða virkar. Hvað verður um sjúkra- og verkfallssjóði.

Nú vita þeir sem hafa kynnt sér þessi mál að 250 manna stéttarfélag verður hvorki fugl né fiskur. Það getur ekki haldið úti starfsmanni né veitt þá þjónustu sem krafist er í dag svo vel sé. Mestur hluti af innkomunni færri líklega í það að kaupa sér þjónustu í sambandi við kjarasamninga því samkvæmt frumvarpinu semur þetta nýja stéttarfélag beint við VSÍ.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að stækka einingar innan verkalýðshreyfingarinnar, því menn hafa séð að stærð er styrkur. Með þessu frumvarpi er gefin kostur á að fjölga félögum eitthvað yfir eitt hundrað. Flest þeirra verða smá auk þess að þau félög sem fyrir eru á markaðinum minnka til muna. Með þessu er verið að færa verkalýðsfélög niður á það sem ég myndi kalla "áhuga og rassvasabókhaldsstig". Ef haldið er að það fyrirkomulag muni leiða til meiri sáttar og minni verkfalla á vinnumarkaðinum, þá hugsið aftur.

Á undanförunum árum hafa verið gerðir fjöldi vinnustaðasamninga sem ná til fyrirtækja í heild. Hvað er að þeirri aðferð?

Verkföll

Sú nýbreytni verður með þessu frumvarpi að greiða þarf atkvæði um boðun verkfalls og skal það skal það koma til framkvæmda á tilteknum degi. Verkfallinu er síðan hægt að fresta í tiltekin tíma en síðan ekki söguna meir, nema að liggi fyrir samþykki viðsemjenda. Við eigum sem sagt að ganga bónveg til VSÍ til að fá að fresta verkfalli.

Það er því nokkuð ljóst að ef samningur liggur ekki fyrir á verkfallsdegi þá verður farið í verkfall. Fáir munu aflýsa verkföllum sem boðað er á tilteknum degi, og þurfa síðan að fara í aðra atkvæðagreiðslu um boðun.

Sú samninganefnd sem aflýsir verkfalli og nær ekki samningum mun ekki eiga upp á pallborðið hjá félögum eftir það.

Þetta er í anda þess kerfis sem er í gangi hjá opinberum starfsmönnum í dag og ef þið berið saman fjölda og lengd verkalla innan þess geira og ASÍ kemur í ljós að þar eru verkföll fleiri og mun harðari. Hvet ég nefndarmenn til að kynna sér hvernig verkfallsvopninu hefur verið beitt undanfarinn ár, og hvar félög innan ASÍ standa í röðinni. Sá sveigjanleiki sem hefur verið í boðun verkfalls innan almennra stéttarféлага hefur leitt til færri verkfalla. Þennan sveigjanleika á nú að taka af.

Það er einnig mjög undarleg klausa um atkvæðagreiðslur um verkfallsboðun sem kveður á um að ef verkfall eigi að ná til hluta félagsmanna þurfi helmings þáttöku í atkvæðagreiðslu. Hvert leiðir þetta, verkföll munu ná til stærris hópa. Hvaða rök liggja á baki því að eftir því sem færri ætla í verkfall séu gerðar auknar kröfur til þáttöku í atkvæðagreiðslu.

Um atkvæðagreiðslur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ýmsum gerðum að atkvæðagreiðslum, einum sjö útgáfum.

Í dag er það frekar reglan heldur en hitt að boðun verkfalls sé kærð vegna formgalla á boðuninni. Með ýmsum útgáfum að atkvæðagreiðslu, ákvæðum um lánmarkspáttöku mun þessum kærum fjölga til muna.

Þeir sem komnir eru á efri ár og hættir að vinna halda oft áfram starfi með verkalýðsfélögum og njóta þjónustu frá þeim. Með ákvæðum um lánmarkspáttöku er hætt við að þessir menn verða teknir af félagaskrá strax og þeir hætta að borga til félagsins. Fyrir marga þessa menn er nógu erfitt að upplifa starfslok þó það fylgi ekki í kjölfarið að þeim sé vísað úr verkalýðsfélagi því klárlega mun fara fram grísjun fyrir atkvæðagreiðslur sem eru þáttökutengdar.

Sú kenning sem sett hefur verið fram um að með þessum breytingum náist fram aukin lýðræði. Hingað til hefur meirihlutinn ráðið. Nú á að breyta þessu og gera þeim upp nei, sem heima sitja.

Fjöldi á skrá	Þátttaka	Já	Nei	Niðurstaða
15000	40.0%	1000	4999	Samþykkt

Hvernig ætla þeir sem samþykkja þetta frumvarp að verja svona "lýðræði". Eftir sitja 14000 atkvæði, flest óánægð með þann samning sem þeir "samþykktu". Einu aðilarnir sem er stíkk frí eru verkalýðsfélögin, þau höfðu nefnilega ekki möguleika að koma að málinu. Mikið er traust ykkar á sáttasemjara og þar sem

samningurinn hefur bein áhrif á launaumslagið, er tryggt að hann gleymist ekki þó langt sé til kosninga.

Það hefur verið sagt af frumvarpsflytjendum að VSÍ þurfi að gangast undir sömu reglur og sama "lýðræðið" og verkalýðsfélög. Hverjir eiga að greiða atkvæði á þeim bæ. Þá hljóta það að vera hluthafarnir, sem þar eiga að ganga til atkvæða og hvernig á vægið að vera í þeirri atkvæðagreiðslu. Ef atkvæðin eru framseljanleg til framkvæmdastjórna eða forstjóra hlýtur að vera eðlilegt að á móti komi ákvæði um að félagsmanni sé heimilt að framseija sitt atkvæði til stjórnar félags.

Vald Sáttasemjara

Gert er ráð fyrir auknu valdi sáttasemjara með viðtengingu sáttatillögu við fleiri en einn hóp. Að vísu er gert ráð fyrir að í viðræðuáætlun verði ákvæði um hverja megi tengja saman. Umræður um viðræðuáætlun munu sem sé snúast um það hverja má tengja saman. Ef ekki næst samkomulag þar er sáttasemjara falið að setja fram viðræðuáætlun og þar með talið ákvæði um hverja má tengja saman.

Það hefur löngum verið predikað af stjórnvöldum að aðilar vinnumarkaðarins skulu leysa sín mál sjálfir. Ef sáttasemjari beitir því valdi sem honum er falið og með því fyrirkomulagi á atkvæðagreiðslu sem boðað er til þá er það ekki í andanum sem boðaður er í ofangreindum orðum.

Og enn á ný er sagt: Mikið er traust ykkar á Ríkissáttasemjara.

Lokaorð

Samskiptareglur verða aldrei virkar nema þeir sem eiga að fara effir þeim séu þokkalega sáttir við þær og telji þær sanngjarnar. Ef svo er ekki falla þær dauðar hvort sem þær eru í lögum eða ekki. Um það frumvarp sem nú liggur fyrir verður aldrei sátt nema af hálfu VSÍ.


Reyndar hafa heyrst raddi sem segja, "hættum að mótmæla og látum frumvarpið fara í gegn. Það er jú klárt að ef þetta kemur til framkvæmda svona og reynir á það, verður allt vitlaust. Við getum þvegið hendur okkar, við fengum ekki að semja um málið"

Sú leið sem Biliðnafélagið hefur valið er að hafa álit á málinu og upplýsa okkar félagsmenn hvað stendur til.

Krafan er því skýr, að frumvarp þetta verði dregið til baka og heildarsamtök samningsaðila verði gert kleift að ljúka þeim viðræðum sem á voru komnar. Þegar þeir aðilar hafa náð samkomulagi er hægt í samráði við þá að ákveða hvort nauðsynlegt sé að binda samkomulagið að einhverju leyti í lög.

Reykjavík 13.04.1996.

F.h. Biliðnafélagsins.



Haukur Harðarson,
Framkvæmdastjóri.

Samrit sent: Þingmönnum
ASÍ